

## Samþykktir félagsins

Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja og stofnana. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í að ná markmiðum sínum.

### 1. gr. Nafn félagsins

Nafn félagsins er Félag um innri endurskoðun og er hér eftir í samþykktum nefnt félagið. Kennitala þess er 670203-5220. Félagið hefur aðsetur sitt í Reykjavík.

### 2. gr. Markmið

Félagið er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er aðildarfélag alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors Inc., auk þess tekur það þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

### 3. gr. Félagar

Félagar geta orðið allir þeir sem hafa innri endurskoðun að aðalstarfi í fyrirtæki eða opinberri stofnun, þeir sem lokið hafa alþjóðlegu prófi í innri endurskoðun („Certified Internal Auditor“) og/eða öðrum prófgráðum á vegum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda og áhugamenn um innri endurskoðun, s.s. löggiltir endurskoðendur, kennarar í faginu og nemendur í faginu á háskólastigi.

Stjórn félagsins samþykkir inntöku nýrra félaga.

Félagsaðild fellur niður ef félagi greiðir ekki félagsgjald. Þá er stjórn heimilt að vísa félagsmanni úr félaginu ef hann brýtur reglur félagsins.

### 4. gr. Siðareglur

Félagsmönnum er skylt að fara að siðareglum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, en brot á þeim geta varðað viðurlögum í samræmi við reglur alþjóðasamtaka innri endurskoðenda. Vísa skal meintum brotum á reglunum til siðanefndar félagsins, auk þess sem þau kunna að fara til umfjöllunar hjá alþjóðasamtökum innri endurskoðenda.

Stjórn skal skipa siðanefnd og setja henni erindisbréf. Nefndin skal taka til umfjöllunar ábendingar um meint brot félagsmanna á siðareglum innri endurskoðenda.

## 5. grein Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal boða skriflega með bréfi eða tölvupósti með 14 daga fyrirvara hið skemmsta. Aðalfundur er lögmaður sé löglega til hans boðað og ræður afl atkvæða úrslitum mála nema annars sé getið í samþykktum þessum.

Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning formanna nefnda skv. 7. gr.
6. Kosning endurskoðanda annað hvert ár.
7. Ákvörðun félagsgjalds.
8. Önnur mál.

Aukaaðalfundur skal kalla saman ef 10% félagsmanna óska skriflega eftir því við stjórn félagsins með dagskrá og skal stjórn boða fundinn með 14 daga fyrirvara hið skemmsta.

## 6. gr. Starfshættir

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal í maí ár hvert. Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og skulu þeir skipta með sér verkum. Starf stjórnar skal vera ólaunað en félagið ber kostnað af störfum þeirra. Verði stjórn óstarfhæf á kjörtímabilinu skal boða til félagsfundar skv. 4. gr. og kjósa menn í stjórn til þess að starfa fram að næsta aðalfundi.

Allir félagsmenn hafa rétt til að kjósa á aðalfundi. Á stofnfundi skal kjósa 3 stjórnarmenn til tveggja ára og 2 til eins árs. Eftir það skal kjósa ýmist 2 eða 3 til tveggja ára setu í stjórn félagsins hverju sinni. Stjórnarmaður skal þó aldrei sitja lengur en þrjú kjörtímabil samfleytt. Endurskoðanda skal kjósa til tveggja ára í senn.

Félagið starfar sjálfstætt og skipuleggur stjórnin starfsemi þess. Starfsár félagsins stendur að jafnaði frá september til maí.

Leiðarljós fyrir starf stjórnarinnar er auk markmiða félagsins m.a.:

- Að stuðla að upplýsingagjöf til félagsmanna og nemanda
- Fræðslumiðlun með reglulegum fundum, kennslu, dreifibréfum og ráðstefnum, innanlands og utanlands.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 7. gr. Nefndir

Félagið skal starfrækja eftirtaldar fastanefndir og skulu formenn þeirra kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Aðrir nefndarmenn eru valdir af formanni hverrar nefndar.

- Alþjóðanefnd heldur utanum samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda og eftir atvikum aðra erlenda samstarfsaðila félagsins. Nefndin skal einnig fylgjast með þróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar.
- Fræðslunefnd skipuleggur fræðslu á vegum félagsins, svo sem morgunverðarfundir, námskeið og smærri ráðstefnur, auk þess að hafa umsjón með heimasíðu félagsins, útgáfu kynningarefnis og fréttabréfa.

Nefndirnar skulu vinna störf sín í samráði við stjórn, sem setja skal þeim erindisbréf þar sem starfssvið og heimildir eru nánar tilgreind. Nefndarmönnum er óheimilt að skuldbinda félagið án undangengins samþykkis stjórnar. Stjórn skal boða nefndir á samráðsfund a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn getur ákveðið að setja á laggirnar aðrar nefndir en þær sem að ofan greinir til að sinna sérstökum verkefnum á vegum félagsins. Setji stjórn slíka nefnd á laggirnar skal hún kjósa henni formann og setja nefndinni erindisbréf sem tilgreini starfsvið og heimildir nánar.

## 8. gr. Faghópar

Stjórn félagsins skal stuðla að því að innan félagsins séu að jafnaði starfandi faghópar, til að auka faglegt samstarf innri endurskoðenda á tilteknum sviðum. Stefnt skal að því að slíkir hópar séu að lágmarki starfræktir um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja, innri endurskoðun hjá opinberum aðilum og endurskoðun upplýsingakerfa.

Stjórn getur skipað umsjónarmenn með slíkum hópum, sem boða fundi og halda utanum störf viðkomandi hóps. Hóparnir skulu vera opnir öllum félagsmönnum sem áhuga hafa á að sækja fundi þeirra.

## 9. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum má breyta á aðalfundi félagsins og skal í fundarboði geta þeirra breytinga sem tillaga er um. Til þess að breytingar á samþykktum nái fram að ganga þarf 2/3 greiddra atkvæða.

## 10. gr. Félagsslit

Félaginu verður ekki slitið nema með samþykki 2/3 fundarmanna á aðalfundi enda hafi þess verið getið í fundarboði að fyrir lægi tillaga um félagsslit. Stjórn tekur ákvörðun um ráðstöfun fjár við félagsslit sem þó má ekki renna til félagsmanna heldur skal féð renna til skyldra félaga.

## 11. gr. Gildistaka

Samþykktir þessar taka gildi eftir samþykkt þeirra á stofnfundi 12. febrúar 2003.

*Samþykkt á stofnfundi 12. febrúar 2003. Breytt á aðalfundi 25. maí 2005, á aukaaðalfundi 27. nóvember 2007 og á aðalfundi 27. maí 2010.*